

Alþingi
Erindi nr. P 128/870
komudagur 24.1.2003

Efnahags- og viðskiptanefnd,
b.t. Einars K. Guðfinnssonar,
Alþingi,
Reykjavík.

Reykjavík, 17. janúar 2003.

Með bréfi dags. 19. nóv. 2002 gerði Reikningsskilaráð ráðuneyti fjármála viðvart um nokkur atriði sem hafa mætti í huga við endanlegan frágang frumvarps til laga til breytingar á lögum um ársreikninga (nr. 144/1994). Í bréfinu voru gerðar almennar athugasemdir við frumvarpið, eins og það lá þá fyrir, en með þessu bréfi vill Reikningsskilaráð koma á framfæri nokkrum athugasemdum til viðbótar, enda áður skammur tími gefinn til umsagnar.

- 1) Í a-lið 1. gr. frumvarpsins eru felld innan sviga orðin hlutafé og hlutir. Ekki verður séð að þörf sé á þessu, en auk þess er því þannig varið að orðið hlutabréf ætti að koma í stað orðsins hlutafé.
- 2) Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er m.a. gerð krafa um að varanleg tengsl verði að hafa myndast á milli félaga svo að líta megi svo á að um hlutdeildarfélag sé að ræða. Í umræðu um þá aðferð í reikningsskilum sem kennd er við hlutdeildaraðferð er aðeins fjallað um veruleg áhrif í stjórnun og rekstri en hvergi minnst á að fjárfesting verði að vera af varanlegum toga (hvað sem það nú er). Með hliðsjón af þessu þykir ekki vera við hæfi að gera þessa kröfu, heldur dugi einvörðungu að um veruleg áhrif sé að ræða.
- 3) Í e-lið 1. gr. sýnist reiknireglan til ákvörðunar því hvort um hlutdeildarfélag er að ræða ekki vera rétt miðað við framkvæmd; séu reglur tilskipana þó með þessum hætti verður ekki við því amast. Ef A hf á 7% í B hf og 80% í C hf. Þá verður B hf. ekki hlutdeildarfélag þó að C hf eigi 15% í B hf. Eignarhlutur A hf og C hf nemur alls 19%, þ.e. 7% að viðbættum 80% af 15% sem eru 12%. Skilyrðinu fyrir hlutdeildaraðferð væri því ekki fullnægt en samkvæmt orðanna hljóðan ætti þó að líta á A hf sem hlutdeildarfélag þar sem 7% og 15% eru hærra en 20%. Hið sama á við um samstæður; möguleiki er á því að A hf ætti 26% í B hf. en 80% í C hf. sem ætti 25% í B hf. Við þessar aðstæður þyrfti ekki að fella B hf inn í samstæður samkvæmt venjum um framkvæmd þessa máls, en samkvæmt lögnum ætti að leggja saman eignarhlutinn 26% og 25% og fá út 51% sem þýðir að gera verður samstæðu.
- 4) Í 1. gr. frumvarpsins í 5. tölulið er nokkrum sinnum vísað í svonefnda aðila. Það er skoðun ráðsins að betur færi á því að haga orðum þannig að félag eigi eignarhlut í öðru félagi.
- 5) Í 6. gr. frumvarpsins er önnur málsgrein ekki í samræmi við 4. tilskipun ESB, sbr. fyrra bréf ráðsins, enda vantar fyrirvara þess efnis að fráviksregluna megi aðeins nota í undantekningartilvikum.
- 6) Í 10. gr. frumvarpsins segir að ekki megi nota skuldbindingar til matsbreytinga á eignum. Með öllu er óljóst hvað átt er við með þessu, en auk þess sýnast fyrirælin óþörf. Samkvæmt 16. gr. laganna er óheimilt að jafna skuldbindingum


á móti eignum. Þar sem upplýst er að skattskuldbindingar skal færa á grundvelli þessarar greinar þykir rétt að benda á að venja er að jafna frestuðum skattskuldbindingum á móti frestuðum skattinneignum en ekki sýna fjárhæðir brúttó sem virðist krafist. Rétt þykir að ítreka fyrri ábendingu ráðsins um að betur færi á því að sérstök grein um færslu tekjuskatts sé í efnisreglukafla laganna en færslan ráðist ekki einvörðungu af ákvæðum 16. gr.

- 7) Efni 12. gr. frumvarpsins er í andstöðu við reglu um niðurfærslu eigna sem kveðið er á um í 24. gr. laganna.
- 8) 14. gr. frumvarpsins gefur ekki færi á að líta svo á að endurmatshækkun sé annars vegar til hækkunar á kostnaðarverði og hins vegar áður fengnum afskriftum. Í því sambandi þykir rétt að benda á að efni 3. mgr. 25. gr. laganna er ekki í samræmi við alþjóðlegar reglur um ráðstöfun endurmatsreiknings.
- 9) Í 16. gr. frumvarpsins er gefið færi á gjaldfærslu við kaup á óefnislegum réttindum. Það getur komið til greina gagnvart liðum eins og t.d. rannsóknar- og þróunarkostnaði en ekki gagnvart viðskiptavild, enda væri það í ósamræmi við alþjóðlega viðurkenndar reglur um það efni.
- 10) Í 25. gr. frumvarpsins sýnist 3. mgr. 53. gr. C ekki vera í samræmi við alþjóðlegar reglur, enda sé skylda að veita ítarlegar starfsþáttaupplýsingar. Rétt þykir í því sambandi að benda á að reglur um starfsþáttaupplýsingar samkvæmt reglugerð með ársreikningalögunum eru ekki í samræmi við erlendar reglur á því sviði.
- 11) 4. mgr. 54. gr. A er ekki í samræmi við reglur um samstæðureikningsskil heldur er allt eigið fé jafnað út en til mótvægis er færð hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélags. Síðar í frumvarpinu er að vísu fjallað með réttum hætti um hlutdeild minnihluta í afkomu og eigin fé.
- 12) 5. og 6. mgr. 54. gr. A sýnist vera í ósamræmi við gerð samstæðureikningsskila, því kaupdagur er yfirleitt ráðandi um tímaviðmið til samstæðureikningsskila.
- 13) 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins er óskýr, m.a. vegna þess að ekki er ljóst hvaða takmörkun felst í því að heimilt sé að beita samlegðaraðferð við upphaf samstæðu. Í 3. mgr. sýnist þurfa að taka fram að öllum skilyrðum til beitingar samlegðaraðferðarinnar verði að fullnægja (þau eru raunar miklu fleiri samkvæmt erlendum reglum). Rétt þykir hér að vekja athygli Alþingis á því að með frumvarpinu er verið að lögleiða aðferð (svonefnda samlegðaraðferð) við sameiningu fyrirtækja sem sumar þjóðir hafa afnumið og þá stefnir í að fleiri fylgi í kjölfarið, enda liggja nú þegar fyrir drög að staðli frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu þar sem þess er krafist. Reglur þess ráðs hefur Evrópusambandið lýst yfir að verði að lögleiða í aðildarríkjum sambandsins og þeim ríkjum sem þurfa að fara eftir efni tilskipana þess. Samkvæmt því má frekar búast að aðferðin verði einnig bönnuð hér á landi innan fárra ára.
- 14) Í 29. gr. frumvarpsins er fjallað um neikvæða viðskiptavild og eru þau fyrirmæli ekki að öllu leyti í samræmi við erlendar reglur um þetta efni, sbr. endurskoðaðar reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins.
- 15) Vakin skal athygli á því að nauðsynlegt er að laga reglugerð með lögunum að þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér en auk þess þarfnast sú reglugerð endurskoðunar við í ýmsum veigamiklum greinum.

Það skal að lokum tekið fram, að Reikningsskilaráð er þeirrar skoðunar að brýna nauðsyn beri til þess að lög um ársreikninga verði samhæfð stöðlum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Hjá flestum Evrópuþjóðum er sú vinna nú þegar í gangi og gengur undir heitinu samhæfingarverkefnið (e. convergence process).

Þótt endurbót sé að flestu leyti að frumvarpinu, sem hér er til umsagnar, þá verður samt enn munur á efni hinna alþjóðlegu staðla og laganna og er hann bagalegur fyrir viðskiptaumhverfið og ekki síst þá sem þurfa að reiða sig á upplýsingar í reikningsskilum, þ.e. fjárfesta og lánardrottna. Fyrir liggur að talsvert misræmi getur verið á því hvernig fyrirtæki á verðbréfaþingi birta upplýsingar um afkomu og efnahag og sá munur skýrist af sumu leyti af óskýrum lögum og stundum úreltum lögum þannig að fyrirtækin virðast sjá sig tilneydd til þess að sneiða hjá fyrirmælum laganna. Í sumum tilvikum eru frávik frá bókstaf laganna varin með skírskotun til þeirrar reglu sem heimilar frávik á grundvelli þess að glögg mynd fæst ekki þrátt fyrir efnisreglur laganna (e. true and fair override), sbr. 2. mr. 9. gr. laganna, án þess þó að það sé gert með réttum hætti.

Virðingarfyllst,



fh. Reikningsskilaráðs,
Stefán Svavarsson, formaður.